

Nd.

597. Frumvarp

til laga um váttryggingar opinna vélbáta o. fl.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillur) og yfirþiljaða vélbáta allt að 6 smálesta að stærð í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta, er um ræðir, eigi kost á að váttryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag.

2. gr.

Nú befir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögnum:

- a ð félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.
- a ð váttryggingin nái aðeins til $\frac{1}{2}$ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en $\frac{1}{2}$ hluti sé hvergi tryggður, og til $\frac{3}{4}$ hluta í hverjum annars flokks bát, en $\frac{1}{4}$ hluti sé hvergi tryggður.
- a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að hjarga lífi skipshafnar.
- a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
- a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

3. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts eða yfirþiljaðs vélbáts allt að 6 smálesta að stærð, sem gengur til fiskiveiða á vertíðum, er skylt að hafa bát sinn váttryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, váttryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir váttryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.